

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

28. fundur.

að Hlíðavegi 6, 18.12. 2003, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Tilboð í tryggingar Skútustaðahrepps. Niðurstöður samanburðar skrifstofu Skútustaðahrepps
3. Fundargerð veitnanefndar frá 11. des.
4. Breytingar á aðalskipulagi Skútustaðahrepps, Kröflusvæði-Vestursvæði.
5. Fundargerð skólanefndar frá 15. des
6. Bréf sumarstarfsmanna Upplýsingamiðstöðvar ferðamála.
7. Bréf HSP þar sem óskað er eftir styrk vegna þátttöku í Landsmóti UMFÍ 2004.
8. Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Þingeyinga 2004.
9. Endurgeriðslur ríkisins vegna refa- og minkaveiða.

Til kynningar: Minnisblað arkitekts og verkfræðings vegna byggingar leikskóla.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og lagði til að 9. máli, Endurgreiðslur ríkisins vegna refa- og minkaveiða yrði bætt á dagskrá.

Oddviti lagði fram bréf frá Jóni Illugasyni dags. 17.12. 2003 varðandi ábúð að Bjargi. Oddviti óskaði eftir að málið yrði tekið á dagskrá. Birkir Fanndal óskaði

eftir að málið yrði ekki tekið á dagskrá fyrr en á næsta fundi sveitarstjórnar 29. desember, þar sem afla þyrfti frekari upplýsinga.
Samþykkt samhljóða.

2. Tilboð í tryggingar Skútustaðahrepps.

Farið hefur verið yfir þau þrjú tilboð sem bárust, þ.e. frá Sjóá – Almennum, Tryggingamiðstöðinni og Vís Niðurstöður samanburðar skrifstofumanna Skútustaðahrepps er að tilboð Vís sé hagstæðast. Sveitarstjóra falið að ganga til samninga við Vís á grundvelli tilboðsins.

3. Fundargerð veitnanefndar frá 11. des.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða 1. lið fundargerðarinnar, um gjaldskrá hitaveitu, sem þarf að koma fyrir sveitarstjórn á öðrum fundi, lögum samkvæmt. Sömmuleiðis eru liðir 2 og 3 samþykktir samhljóða.

4. Breytingar á aðalskipulagi Skútustaðahrepps, Kröflusvæði-Vestursvæði.

Um all langt skeið, eða u.þ.b. eitt ár hefur vinna við skipulag á Kröflusvæði og í Bjarnarflagi farið fram. Vinnan var hafin vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar þess efnis að ekki væri heimilt að hefja tilraunaboranir á svokölluðu Vestursvæði, án þess að breytingar á skipulagi yrðu gerðar, þ.e. svæðið skipulagt sem iðnaðarsvæði. Vilji sveitarstjórnar hefur staðið til að skipuleggja Kröflusvæðið í heild og jafnframt fyrirhugað iðnaðarsvæði í Bjarnarflagi þar sem umhverfismat vegna virkjunar í Bjarnarflagi er að hefjast á ný um þessar mundir og því skynsamlegt að skipuleggja svæðið nú þegar.

Nokkrar tillögur hafa verið gerðar sem lögum samkv. þurfa að hljóta blessun Umhverfisstofnunar. Skemmst er frá að segja að ekki hefur tekist að hljóta samþykki Umhverfisstofnunar hvað heildarskipulagningu Kröflusvæðis og Bjarnarflags varðar og var fullreynt á fundi sveitarstjóra, fulltrúa Landsvirkjunar og Umhverfisstofnunar þann 27. nóv. s.l. Í kjölfar þess fundar ritaði Umhverfisstofnun bréf það sem hér fer á eftir:

Skútustaðahreppur
Sigbjörn Gunnarsson
Hlíðavegi 6
660

11. desember

2003

Tilvísun:

UST20030300155/tb

Efni: Breyting á aðalskipulagi í Skútustaðahrepp

Vísað er í fund Umhverfisstofnunar með sveitarstjóra Skútustaðahrepps og fulltrúum Landsvirkjunar haldinn 27. nóvember sl. um aðalskipulagsbreytingar í Skútustaðahrepp. Á fundinum kom fram að Skútustaðahreppur sættir sig ekki við tillögur Umhverfisstofnunar að öllu leyti sbr. bréf stofnunarinnar dags. 6. nóvember sl. Á fundinum lagði Skútustaðahreppur fram nýjar tillögur, tillögu A og B, báðar dagsettar 25. nóvember 2003. Umhverfisstofnun getur ekki fallist á að tillaga A verði auglýst óbreytt.

Í ljósi þess samráðs sem verið hefur um málið fellst Umhverfisstofnun á fyrir sitt leyti að tillaga B verði auglýst sem breyting á aðalskipulagi Skútustaðahrepps. Stofnunin leggur til að texti í greinargerð með tillögunni undir "Breytingar" lið 1. verði eftirfarandi: "Þau svæði sem möguleg eru til nýtingar jarðhita eru afmörkuð sem iðnaðarsvæði. Þar er bæði sýnd staðsetning núverandi jarðhitanytingar og þau svæði sem koma til greina til slíkrar nýtingar."

Ákvörðun þessi er ekki endanleg á grundvelli 3. mgr. 3. gr. laga um vernd Mývatns og Laxá nr. 36/1974 og mun stofnunin að loknu auglýsingaferli skipulagsáætlunarinnar taka endanlega ákvörðun samkvæmt framangreindri lagagrein.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson

Davíð Egilson

Afrit: Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn.

Meðf: Ljósrit af tillögu B.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps eru það gríðarleg vonbrigði að Umhverfisstofnun skuli hafna tillögu A, þar sem heildarskipulag hefði orðið til af svæðinu og margt það sem þegar er orðið, verið fært inn á skipulag svo sem vera ber. Enn einu sinni birtist sveitarstjórn Skútustaðahrepps hinn mikli vandi sem óviðunandi er, þ.e. að skipulagsskyldan er hjá sveitarstjórn en skipulagsvaldið hjá Umhverfisstofnun sbr. l 36/1974.

Í bréfi UST er óskað eftir breytingum á texta í 1.lið. Sá texti sem UST leggur til að verði færður inn á tillögunni ("Þau svæði sem möguleg eru til nýtingar jarðhita eru afmörkuð sem iðnaðarsvæði. Þar er bæði sýnd staðsetning núverandi jarðhitanytingar og þau svæði sem koma til greina til slíkrar nýtingar.") á engan veginn við, þar sem skipulagstillagan sem UST samþykkti á einungis við hið svokallaða vestursvæði Kröflu. Texti sá sem UST óskar eftir að samþykktur verði kann hins vegar að eiga við um tillögu þá sem stofnunin hafnaði, þ.e. tillögu A að heildarskipulagi svæðisins. Ósk UST um textabreytinguna sætir furðu þar sem að helst er að sjá að stofnunin átti sig ekki á hvað hún er að samþykkja eða hafna hverju sinni. Sveitarstjórn samþykkir að texti með tillögunni verði eftirfarandi:

Breytt Landnotkun

Inngangur:

Núgildandi aðalskipulag fyrir Skútustaðahrepp var upphaflega staðfest 31.12.1997. Hér er lögð fram tillaga að breytingum á aðalskipulaginu. Tillagan felst í breyttri landnotkun aðallega á svokölluðu vestursvæði innan jarðhitaréttindasvæðis Landsvirkunar (framseldur af ríkisstjórn Íslands til Landsvirkjunar með samningum dags. 26. júlí 1985 fyrir svæði A og 17. september 1986 fyrir svæði B, að viðbættu því svæði þar fyrir utan sem iðnaðarráðuneytið veitti Landsvirkjun leyfir til jarðhitarannsóknna á þann 1. júní 2002). Breytingin er gerð vegna þess að fyrirhugaðar rannsóknaboranir á vestursvæðinu samræmast ekki núgildandi aðalskipulagi. Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum rannsóknaborana á vestursvæði við Kröflu er kveðið á um að breyta þurfi aðalskipulagi og mælt með því að "í breytingu á aðalskipulagi verði afmörkuð iðnaðarsvæði vegna jarðhitavinnslu í samræmi við kröfur skipulagsgerðar". Breytingartillagan er unnin af Landslagi ehf. í samráði við Landsvirkun.

Breytingar:

1. Svæði innan svokallaðs vestursvæðis, sem mögulega kemur til nýtingar á jarðhita, afmarkað sem iðnaðarsvæði.
2. Göngustígar og stikaðar gönguleiðir voru færðar réttar inn á aðalskipulagsupprátt.
3. Bilastæði sem þjóna almennri umferð og ferðaþjónustu eru færð inn á aðalskipulagsupprátt.
4. Útivistarsvæði til sérstakra nota er afmarkað þar sem er skiðalyfta og aðstaða til skiðaiðkunar í Leirbotnum.
5. Dregin er lína inn á upprátt sem skiptir jarðhitaréttindasvæði Landsvirkjunar upp í svæði A (Kröflusvæði), norðan við línuna, og svæði B (Bjarnarflagssvæði) sunnan við hana.
6. Færð eru inn mörk reits sem iðnaðarráðuneytið veitti Landsvirkjun leyfi til jarðhitarannsókna á þann 1. júní 2002
7. Reykjaheiðarlína (11kv) liggur frá Kröflustöð að Kísiliðjunni hf, rafstrengur og loftlína (11 kV) liggur frá núverandi Bjarnarflagssstöð að Kísiliðjunni.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að tillaga að skipulagi vestursvæðis Kröflu dags. 15. 12. 2003 verði send til Skipulagsstjóra með ósk um að hún verði auglýst lögum samkvæmt.

Sveitarstjórn harmar skammsýni UST hvað skipulag í Kröflu og Bjarnarflagi varðar. Þá er þess enn að geta að framkvæmd úreltra laga nr. 36/1974 hefur valdið og veldur Skútustaðahreppi talsverðum kostnaði, mikilli fyrirhöfn og vinnu umfram það sem væri, byggju íbúar Skútustaðahrepps við sömu lög um skipulagsmál og aðrir landsmenn.

Í ljósi þess sem hér fer á undan er sveitarstjóra falið að rita ríkisstjórn Davíðs Oddssonar bréf og spyrjast fyrir um stjórnarfrumvarp til breytingar á l 36/1974 sem ríkisstjórnin lofaði að leggja fram á yfirstandandi þingi.

5. Fundargerð skólanefndar frá 15. des.

Sveitarstjórn samþykkir 2. og 3. lið fundargerðarinnar samhljóða, þ.e. um ráðningu Sigríðar Stefánsdóttur til starfa við leikskólann og gjaldskrá hóptíma við tónlistarskólann.

6. Bréf sumarstarfsmanna Upplýsingamiðstöðvar ferðamála.

Í framhaldi af ágætu bréfi starfsmanna upplýsingamiðstöðvar er ákveðið að kalla þá aðila sem ferðaþjónustu stunda í sveitinni til fundar um fyrirkomulag upplýsingagjafar til ferðamanna.

7. Bréf HSP þar sem óskað er eftir styrk vegna þátttöku í Landsmóti UMFÍ 2004.

Samþykkt að verða við erindinu.

8. Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Þingeyinga 2004.

Afgreiðslu frestað.

9. Endurgreiðslur ríkisins vegna refa- og minkaveiða.

Frestað um sinn.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðrún María Valgeirsdóttir,

Jón Óskar Ferdinandsson,

Kristján Stefánsson,

Birkir Fanndal Haraldsson,
Böðvar Pétusson.